

Heimilisfræði 2.bekkur 2023-2024

Lýsing

Heimilisfræði er kennd í lotum. Nemendur fara u.þ.b.17 skipti í skólaeldhúsið. Bæði er um að ræða verklega og bóklega tíma. Farið er yfir einföld atriði í sambandi við borðsiði, hreinlæti og hollustuhætti. Orðaforði sem tengist eldhúsáhöldum og eldhúsvörkum kynntur. Meðferð áhalda og uppvaske kennd. Nemendur útbúa einfalda rétti sem þeir ýmist borða á staðnum eða taka með sér heim.

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Heimilisfræði er kennd í lotum. Nemendur fara u.þ.b.13 skipti í skólaeldhúsið. Bæði er um að ræða verklega og bóklega tíma. Farið er yfir einföld atriði í sambandi við borðsiði, hreinlæti og hollustuhætti. Orðaforði sem tengist eldhúsáhöldum og eldhúsvörkum kynntur. Meðferð áhalda og uppvaske kennd. Nemendur útbúa einfalda rétti sem þeir ýmist borða á staðnum eða taka með sér heim.

Námsáætlun

2. bekkur

Birt með fyrirvara um breytingar*

Tími Verkefni og viðfang

		Hæfniviðmið
1	Farið yfir eldhúsreglur, umgengni og hreinlæti. Allir æfa sig í að vaska upp og ganga frá eftir sig.	Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif Unnið einföld verkefni í hópi
2	Mælicíningar kynntar bls. 2 Ávaxtadjúk bls.7 og popp	Unnið eftir fyrirmælum og sjálfstætt.
3	Gersveppurinn bls. 16 Sesamstangir	Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað á aðra og tjáð eigin hugsanir af öryggi Unnið eftir fyrirmælum og sjálfstætt.
4	Vinnubók, bls 27, 28 og 29	Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað á aðra og tjáð eigin hugsanir af öryggi Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
5	Gera brauðdýr	Unnið eftir fyrirmælum og sjálfstætt. Af öryggi metið námið og lært af mistökum
6	Hollt – óhollt, bls. 24,25. Lesa um Kárius og Baktus. Ræða tannheilsu.	Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
7	Umræðu um mjólkurvörur Spariskyr bls. 8	Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif Unnið einföld verkefni í hópi
8	Eldhús áhöld og matur fyrir og nú, vinnubók bls. 30-31	Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað á aðra og tjáð eigin hugsanir af öryggi Jafnan tekið tillit til annarra og unnið af öryggi með öðrum í hóp.
9	Pítsa bls. 17	Unnið eftir fyrirmælum og sjálfstætt. Af öryggi metið námið og lært af mistökum

10	Vinnubók bls 23 og 31	Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað á aðra og tjáð eigin hugsanir af öryggi
		Jafnan tekið tillit til annarra og unnið af öryggi með öðrum í hóp.
11	Sparikúlur	Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
		Unnið einföld verkefni í hópi
12	Umhverfisð okkar bls. 26	Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað á aðra og tjáð eigin hugsanir af öryggi
		Jafnan tekið tillit til annarra og unnið af öryggi með öðrum í hóp.
13	Súkkulaðismákökur	Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
		Unnið einföld verkefni í hópi

*breytingar geta verið á tímum vegna tilfallandi þema og/eða hátíðardaga s.s. hrekkjavaka, jól, þorri o.þ.h.

Grunnþættir menntunar

- læsi, við lesum saman í vinnubókinni okkar og lærum ný orð sem tengjast verkefnum okkar
- heilbrigði og velferð, við byrjum að læra um fæðuhringinn og tannhirðu
- lýðræði og jafnrétti, við æfum okkur í að vinna saman og skipta milli okkar verkefna, allir taka jafnan þátt.
- sköpun, börnin fá að skapa eftir eigin hugsun í verkefnum

Námsmat

Engin formleg próf eru í heimilisfræði. Að lokinni lotu verða verkefni nemenda metin og námsmat fært inn á hæfnikort nemanda.

- Sýnikennsla
- Umræður
- Verklegar æfingar
- Vinnubókavinna
- Hópvinna

Hlutverk og vinnulag nemandans

Nemendur tileinka sér ákveðin vinnubrögð sem kennarinn sýnir. Markmiðið er að gera nemendur færa um að bjarga sér sjálfir í eldhúsinu og temja sér heilbrigðan lífsstíl.

Samskipti	Mikil áhersla á samvinnu og paravinnu
Mæting	Nemendur temji sér stundvísi.
Virgni í tímum	Að nem. leggi sig fram eftir bestu getu
Skyldur nemenda	Að vera virkir þátttakendur og leggja sig fram.
Skyldur kennara	Að mæta þörfum nemenda og glæða áhugann til áframhaldandi náms
Stoðþjónusta nemenda	Áætlan um stoðþjónustu unnin í samráði við sérkennara.

Sel - heimilisfræði 2. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - heimilisfræði 2. bekkur - Matur og lífshættir

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Sel - heimilisfræði 2. bekkur - Menningarlæsi

- Unnið einföld verkefni í hópi,

Sel - heimilisfræði 2. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað á aðra og tjáð eigin hugsanir af öryggi.

Sel - heimilisfræði 2. bekkur - Sjálfstæði og samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra og unnið af öryggi með öðrum í hóp.
- Unnið eftir fyrirmælum og sjálfstætt.

Sel - heimilisfræði 2. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Af öryggi metið námið og lært af mistökum.